

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Ritrýnd grein birt 31. desember 2012

Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir

„Potulið“ og „setulið“ Kynjajafnrétti og kennaramenntun

Ný ákvæði um jafnréttisfræðslu í grunnskólalögum og aðalnámskrám hafa tekið gildi. Í 25. grein grunnskólalaga kemur fram að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms í námsgreinum grunnskólans og þar eru *jafnréttismál* meðtalin. Í aðalnámskrá grunnskóla er jafnréttisfræðsla talin til samfélagsgreina ásamt átta öðrum námsgreinum. Í aðalnámskrám allra skólastiga frá 2011 eru sex grunnþættir hafðir að leiðarljósi, þar af er einn um jafnrétti. Af þessu tilefni, og einnig vegna lengingar á kennaramenntuninni frá 2011, var ákveðið að skoða hvernig tekið er á jafnréttisfræðslu í menntun kennara og annarra fagstétta á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Rannsóknin var gerð á vegum rannsóknarstofunnar RannKyn. Gagna var aflað með viðtölum við átta rýnihópa kennara við Menntavísindasvið, auk viðtals við stjórnanda. Spurningalisti til kennara nýttist ekki vegna lágs svarhlutfalls. Niðurstöður benda til að kennarar skilji hugtakið *jafnrétti* víðum skilningi og tilhneiging virðist vera til þess að leiða hjá sér eða sýna andstöðu við kynjajafnrétti. Kennarar hafa eigi að síður áhyggjur af því að fordómar, staðalmyndir um kynin og ótti við samkynhneigð séu til staðar í skólum og í kennaramenntun. Sumir kennarar eru áhugasamir og kalla eftir skýrri stefnumörkun, gagnvirkri umræðu og upplýsingum á vefsetrum Menntavísindasviðs og RannKyn. Það er mat höfunda að átak þurfi til að brúa bilið á milli kennaramenntunar, lagaákvæða og kynjafræðilegra rannsókna og skapa rými fyrir jafnréttisfræðslu í kennaranámi. Í greininni er bent á leiðir í þeim tilgangi.

Guðný Guðbjörnsdóttir er prófessor og Steinunn Helga Lárusdóttir er lektor. Þær starfa báðar við Uppeldis- og menntunarfræðideild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

The Jetset and the Couchset: Gender Equality and Teacher Education

New requirements for equality education in compulsory schools in Iceland were mandated by law in 2008 when equality became a new subject in compulsory schools. In the National Curriculum for Compulsory Schools equality education is listed as part of social studies, along with eight other subjects. Moreover, in the National Curriculum Guide for all school levels, equality is listed as one of six values or pillars of education. With reference to the above, and also because of the lengthening of teacher education from three to five years in 2011, it was decided on behalf of RannKyn, Centre for Research on Equality, Gender and Education, to examine how education on gender and equality is being executed in the education of teachers and other professionals at the School of Education, University of Iceland. Data were gathered through eight focus group interviews and interviews with administrators. A questionnaire to teachers proved useless due

to the low response rate. The findings indicate that the teachers understand the concept of equality in a broad sense, and see themselves as equality oriented. However, they tend to either ignore or show resistance to gender equality, or focus on gender as a binary essentialist concept. Some teachers are concerned that prejudice, homophobia and stereotypes about gender are a problem in schools as well as in teacher education. Some of them are worried and call for a clear policy, interactive discussions and information on the websites of the School of Education and RannKyn. The authors emphasize that an effort should be made to bridge the gap between the present practices in teacher education and gender research and make space for gender studies in teacher education. In this article, ways are suggested to that end.

Guðný Guðbjörnsdóttir is professor, and Steinunn Helga Lárusdóttir is assistant professor, both at the Faculty of Education Studies, School of Education, University of Iceland.

Inngangur

Mér hefur sýnst svolítið í kringum þessar fræðimannaáherslur ... að það eru rosalega mikil svona strákagengi sem ráða svolítið ríkjum þarna og sem eru kallaðir til ábyrgðar ... í nefndum og svona. En þetta er ekkert sem við erum að útvarpa. Er þetta ekki bara okkar á milli?

Úr rýnihópaviðtali við kennara af Menntavísindasviði

Tildrög rannsóknar

Þegar breytingar eru gerðar á skólalöggjöfinni og á aðalnámskrám kemur oft fram krafa um breytt skólastarf, sem kennarar eða kennaramenntunarstofnanir hafa ekki beðið um eða samþykkt. Árið 2008 voru samþykkt ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (Lög nr. 90/2008, 91/2008, 92/2008). Það nýmæli kom þá inn í grunnskólalögin að jafnréttismál eru nefnd í 25. grein. Sú grein er um markmið náms og þær námsgreinar sem á að fjalla um í aðalnámskrá og kenna í grunnskóla. Nánar tiltekið segir í 25. grein grunnskólalaga (nr. 91/2008):

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, *jafnréttismálum* (skáletrun höfunda), trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.

Þetta er í fyrsta sinn sem svo skýrt ákvæði um jafnréttismál er að finna í grunnskólalögum, þó að jafnréttisfræðsla í skólum hafi verið lögbundin á Íslandi allt frá 1976, samkvæmt jafnréttislögum.

Menntamálaráðuneytið túlkar þetta ákvæði grunnskólalaganna þannig að jafnréttismál séu nú bæði sérstök námsgrein í grunnskóla og jafnframt einn grunnþáttur í menntastefnu grunnskólans sem og annarra skólastiga, eins og fram kemur í nám-skránum frá 2011 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Höfundar telja að með þessu sé stigið nýtt skref í stefnumörkun menntamála, þar sem jafnrétti er orðið styrkari grunnþáttur í menntastefnunni en áður.

Í sameiginlegum hluta nýrrar aðalnámskrár sem er samhljóða í aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b, 2011c) er jafnrétti flokkað meðal sex grunnþátta menntunar sem hafðir eru að leiðarljósi við námskrárgerðina. Þessir grunnþættir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði

og mannréttindi, *jafnrétti* og sköpun. Skilgreiningin á jafnrétti er víð, sbr. eftirfarandi tilvísanir í sameiginlega kafla námskráanna um jafnréttismál:

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þraskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis.

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, kennsluhátta og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni.

Þá er vitnað í 23. grein jafnréttislaga um að jafnréttisfræðsla eigi að fara fram á öllum skólastigum. Þar er sérstaklega átt við kynjajafnrétti. Jafnframt er bent á að mikilvægt sé að draga fram að margir búa við mismunun sem byggir á samtvinnun fleiri þátta, t.d. kyni og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldri og búsetu. Í þessu skyni sé eðlilegt að nýta í skólastarfi þá þekkingu sem nýjar fræðigreinar hafa skapað, s.s. kynjafræði, hinseginfræði, fjölmenningarfræði og fötlunarfræði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b, 2011c, bls. 15).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b) er námsgreinin Jafnréttismál flokkuð í viðmiðunarstundaskrá með námssviðinu Samfélagsgreinar en þar eru eftirfarandi greinar: samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki.

Á norrænni ráðstefnu um jafnréttisfræðslu í skólum, sem haldin var í Reykjavík í september 2009, var kennaramenntunin gagnrýnd fyrir að taka ekki á jafnréttismálum kynja. Í framhaldi af því bað forseti Menntavísindasviðs, Jón Torfi Jónasson, fyrri höfund þessarar greinar um að taka út og meta áherslur á jafnréttismál í kennaramenntun við Háskóla Íslands nú um stundir.

Ítarlegri greinargerð var skilað til forseta Menntavísindasviðs og rökstutt að gera þyrfti átak í jafnréttiskennslu á sviðinu (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009b). Ein grunnforsenda slíks átaks var talin sú að stefnan yrði mótuð af kennurum sjálfum í samráði við sérfræðinga í kynjafræðum og uppeldis- og kennslufræðum og að náíð samstarf yrði á vettvangi allra skólastiga. Þannig ættu skilin á milli orðræðu fræðilegra rannsókna annars vegar og skólastarfs og fjölmiðla hins vegar að minnka (Weaver-Hightower, 2003). Önnur mikilvæg grunnforsenda átaks á þessu sviði var talin sú að viðfangsefnið öðlaðist fastan sess í kennaramenntuninni þar sem áhrif tilraunaverkefna virðast bæði tímabundin og ekki ná til skólastarfsins almennt (Lahelma, 2011; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009a, 2009b). Í þeim tilgangi var Rannsóknarstofa um jafnrétti, kyngervi og menntun (RannKyn) stofnuð á Menntavísindasviði í maí 2010.

Eftir opinn kynningarfund rannsóknarstofunnar RannKyn og stjórnar Menntavísindasviðs í janúar 2011 var ákveðið að fara af stað með rannsókn og þróunarverkefni um kynjajafnrétti í skólum og kennaramenntun. Frá fyrsta hluta þeirrar rannsóknar er sagt í þessari grein.

Breytingar á kennaramenntun

Kennaramenntunin á Íslandi er nú í breytingarferli þar sem lög um 5 ára kennaramenntun eru komin til framkvæmda (*Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008*). Góð kennaramenntun er af ýmsum talin ein mikilvægasta undirstaða bættrar kennslu og árangurs nemenda í skólum

(Darling-Hammond, 2006, 2010). Gæði kennslu eru oft talin ráðast af djúpum skilningi kennara á því hvað þurfi að kenna og hvernig til að tryggja sem bestan skilning meðal nemenda (Ball, 2000). Þess vegna er sjálfsvitund og starfskenning kennara og mótun þeirra strax í kennaramenntuninni talin mjög mikilvæg (Beauchamp og Thomas, 2009) svo og umbætur á kennaramenntuninni yfirleitt.

Það kemur því ekki á óvart að skiptar skoðanir eru á því hvað beri að leggja áherslu á í kennaramenntun, hvað beri að kenna og hvernig. Því eru oft átök um breytingar á kennaramenntun, bæði innan kennaramenntunarstofnana og á milli aðila eins og löggjafans, kennaramenntunarstofnana/deilda og háskólasamfélagsins að öðru leyti (Zeichner, 1999; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009a).

Í þessari grein verður athyglinni beint að því hvernig kennarar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands útfæra jafnréttismál í sinni kennslu og hvort og þá hvernig hefur verið brugðist við áður nefndum ákvæðum laga og aðalnámskrár um jafnrétti og jafnréttismál. Samkvæmt reglum háskólans er það viðkomandi deild, hér Kennaradeildin á Menntavísindasviði, sem ræður því hvernig kennaranámið er samsett. Einstakir kennarar ráða síðan sínum áherslum, m.a. því hvort fjallað er um þeirra viðfangsefni út frá sjónarmiðum kynjajafnréttis eða jafnréttismála.

Kynjajafnrétti og kennaramenntun

Alþjóðlega hefur umræðan um jafnrétti kynja í skólastarfi verið mjög áberandi allt frá kvennaráðstefnunni í Peking 1975 og setningu fyrstu jafnréttislaganna sem hér á landi var árið 1976. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, hefur, svo dæmi sé tekið, lagt áherslu á þessi mál og gefið út leiðbeiningar (e. *toolbox*), þær nýjustu frá árinu 2009 (UNESCO, 2009). Norrænar ráðstefnur og þróunarverkefni hafa margsinnis tekið á málinu, sumar með þátttöku Íslands og íslenskra kennaramenntunarstofnana (sjá Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007, 2009b; Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011). Samstarf á milli ráðandi aðila hefur oft náðst, og stundum hafa kennarasamtökin verið aðilar að slíku samstarfi. Slíkt er talið mjög mikilvægt til að umbeðnar breytingar nái í raun inn í skóla í gegnum kennara og kennaramenntunina (Marshall, 2002), sbr. áhersluna á Alþjóðadegi kennara árið 2011:

Á Alþjóðadegi kennara ár hvert er lögð sérstök áhersla á einn stóran og mikilvægan málaflokk í þágu menntunar og mannréttinda. Einkennisorð okkar í ár eru: Kennarar berjast fyrir kynjajafnrétti. Þrennt er sérstaklega mikilvægt í þessu samhengi: Jafnrétti karlkennara og kvenkennara, þar með talið launajafnrétti, aðgengi stúlkna að hágæðamenntun og loks hlutverk kennara og skóla í að kveða niður staðalímyndir um stráka og stelpur, konur og karla.

(Kristín Elfa Guðnadóttir, 2011, bls. 1)

Nýafstaðið jafnréttisþing Kennarasambands Íslands 16. maí 2012 sýnir ennfremur að kennarar sýna málefni áhuga (sjá <http://www.ki.is/pages/3655>). Sú mikla athygli sem kynjafræðiáfangi í Borgarholtsskóla hefur hlotið (Borgarholtsskóli, 2011) bendir einnig til að viðfangsefnið jafnréttisfræðsla eigi hljómgrunn í samfélaginu.

Tilraunir til að koma inn umfjöllun um jafnrétti í kennaramenntun og efla vitund kennara um jafnrétti kynjanna og óheppilegar staðalímyndir hefur ekki skort alþjóðlega en oft hefur árangurinn látið á sér standa. Fjölmargar rannsóknir sýna þetta og jafnframt að skýringarnar á því eru ýmsar (Hollingsworth, 1995; Lahelma, 2011; Skelton, 2007; Weiner, 2000; Guðný Guðbjörnsdóttir 2009a, 2009b; UNESCO, 2009; Younger, 2007; Younger og Warrington, 2008). Samkvæmt þessum rannsóknum eru helstu skýringar þær að ákveðin hræðsla sé við umræðuna um kynjajafnrétti meðal forsvarsmanna í kennaramenntun, kynjajafnrétti þyki óþægilegt umræðuefni meðal starfsstéttar sem er mjög kynbundin; mál-

efnið þykir pólitískt, of viðkvæmt til að tilheyra hlutlausri umræðu skólastofunnar og jafnvel ekki samræmast fagvitund kennara; umfjöllun um kynjajafnrétti, kynjakerfið og kyngervi (e. *gender*) sé of fræðileg til að geta verið hagnýt; umræðan þygi ógnvekjandi í skólum þar sem hún truflar ráðandi valdatengsl kynjanna; slík umræða sé viðbót við of mikla vinnu kennara á of lágum launum; að námskrá sé þegar ofhlaðin; umfjöllun um kynjajafnrétti sé í tengslum við umræðu um margbreytileika og margmenningu og því ekki þörf á að ræða það sérstaklega; og að umræða um kynferði kalli stundum fram afturhaldssöm viðhorf (e. *backlash reactions*). Þá sýna rannsóknir að þó að námskeið um kynjajafnréttismál séu í boði þá eru þau oft ekki skylda í kennaramenntun (Magno og Silova, 2007).

Niðurstaða margra er sú að umfjöllun um jafnrétti kynjanna og jafnréttisfræðslu hafi víða verið vanrækt eða sé ekki til staðar í kennaramenntun, þrátt fyrir lagaskyldu og blómlegar rannsóknir á sviði kvenna- og kynjafræða. Bent hefur verið á að það sé gjá á milli fræðilegra rannsókna á sviðinu og þess sem kemst inn í kennaramenntunina (Weaver-Hightower, 2003; Younger og Warrington, 2008; Þórdís Þórðardóttir, 2005; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Lingard og Mills, 2009; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007, 2009b; Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011; Lahelma og Hynninen, 2012).

Lahelma og Hynninen (2012) benda á að í Finnlandi hafi kynjafræðingar almennt ekki sett skólamál eða kennaramenntun á oddinn í sínum rannsóknum og þó að jafnréttismál og fræðsla um jafnrétti kynjanna hafi verið lögbundin skv. jafnréttislögum lengi þar í landi, þá sé tilhneiging til að afgreiða málið með nýrri valgrein um jafnréttismál eða að setja það undir sama hatt og fjölmeningarfræði. Þar með er litið á kynjamisrétti sem svipað vandamál og það að vera menningarlega „hinn“ en talið að jafnrétti ríki í menningunni almennt. Því sé engin tilraun gerð til að ræða um mismunandi kynímyndir, kynhlutverk, staðalmyndir eða tegundir karlmennsku og kvenleika í kennaramenntuninni.

Oft telja kennarar sig jafnréttissinnaða og ekki hafa not fyrir jafnréttisfræðslu, þó að hún sé í boði (Lahelma, 2011; Lahelma og Hynninen 2012; Campbell og Sanders, 1997). Ný sænsk langtímarannsókn sýnir að þótt kennarar telji sig jafnréttissinnaða virðast þeir ómeðvitaðir um viðhorf sín, en nýlegar myndbandsupptökur sýndu að þeir mismunuðu kynjunum, t.d. í kennslu í vísindum. Með því að skoða þessar upptökur gátu kennararnir unnið að því að breyta eigin staðalmyndum um kynin (Andersson, 2012).

Á Íslandi er lítið til af rannsóknum á því hvernig fræðslu um kynjajafnrétti eða jafnréttismál er háttað í kennaranámi. Í tengslum við áður nefnt átaksverkefni Nord-Lilía sem beindist gagngert að kennaramenntun á Norðurlöndum árin 1992–1994 voru markviss verkefni í gangi í kennaramenntun við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og í Fósturskóla Íslands, auk þess sem nokkrir grunnskólar tóku þátt (Arnesen, 1994). Í mati á verkefninu segir í kaflanum um Ísland að því miður hafi verkefnið ekki haft áhrif út fyrir kennslu þeirra kennara í kennaramenntuninni sem tóku þátt. Niðurstaða Ragnhildar Bjarnadóttur (1995), sem tók þátt í verkefninu fyrir hönd Kennaraháskóla Íslands, er að ekki sé aðeins nauðsynlegt að sinna jafnrétti kynjanna betur í kennaranáminu, heldur þurfi einnig að gaumgæfa vel með hvaða hætti það er gert.

Eftir að Nord-Lilía-verkefninu lauk virðist sem það hafi verið málefni einstakra kennara hvort þeir sinna kynjajafnrétti í kennaramenntuninni. Hópur kvenna fékk styrk til átaks á þessu sviði í kennaramenntuninni í Kennaraháskóla Íslands 2004. Þær gerðu nokkrar kannanir, kenndu þverfaglegt valnámskeið, settu upp heimasíðu og gáfu út bókina *Kynjamyndir í skólastarfi* (Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2005). Þórdís Þórðardóttir (2009) telur að margt bendi til að almennt sé kennaranemum ekki kennt að uppfylla 23. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008). Hún vísar m.a. í greiningu á námskeiðslýsingum grunndeildar Kennaraháskóla

Íslands árið 2004, þar sem kynjafræðileg eða jafnréttistengd orð (jafnrétti, kyn, fem, karl, kven, kon, stelp, strákur, dreng, stúlk) birtust í lýsingum á 14 af 574 námskeiðum eða 2,4% námskeiða og að samsvarandi könnun á námskeiðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands 2009 sýndi svipaða niðurstöðu. Þá birtust sömu orð 13 sinnum í 408 námskeiðum í kennaradeild Menntavísindasviðs (3,1%) en 25 sinnum í 162 námskeiðum í uppeldis- og menntunarfræðideild sviðsins (15%) (Þórdís Þórðardóttir, 2005, 2009). Vissulega er mögulegt að kennari sinni jafnréttisfræðslu eða fjalli um kynjajafnrétti þó að þess sé ekki getið í námskeiðslýsingum og því er mikilvægt að nota fleiri rannsóknaraðferðir við kannanir á stöðu kynjajafnréttisfræðslu í kennaramenntun.

Nokkur valnámskeið um menntun og kynferði og um kynjafræði almennt hafa verið í boði í kennaramenntun við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri í allmörg ár en lítið virðist gert í skyldunámi fyrir alla kennara í viðkomandi háskólum. Þetta er staðfest í MA-ritgerð Eyglóar Árnadóttur (2009). Hennar niðurstaða, m.a. eftir ítarlega athugun á námi og námskeiðslýsingum kennaranáms á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, er að „í ferlinu frá lögum að skólastofu koma margir þættir við sögu, á öllum þrepum ferilsins má finna vissar hindranir í að lagaákvæðinu sé sinnt, svo víða þarf að taka til hendinni eigi þetta ákvæði ekki að vera dauður lagabókstafur“ (Eygló Árnadóttir, 2009, bls. 3).

Margt bendir því til að umfjöllun um jafnrétti kynjanna og jafnréttisfræðslu hafi ekki verið sinnt markvisst í kennaramenntuninni hér á landi, þrátt fyrir blómlegar rannsóknir á sviði kvenna- og kynjafræða. Þetta þarf þó að okkar mati að rannsaka betur áður en fullyrt er að svo sé.

Hugtökin jafnrétti og kyngervi

Hugtökin jafnrétti og kyngervi (e. *gender*) eru oft óljós í uppeldisfræðilegri umræðu. Eins og fram kemur hér að framan, þá er jafnréttishugakið notað í víðri merkingu í skólalöggjöf frá 2008 og aðalnámskrám frá 2011 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b, 2011c) og kyn er aðeins ein mismununarviddin af mörgum. Samtvinnun mismununarbeyta (e. *intersectionality*) er stundum notað yfir jafnrétti í þessari víðu merkingu (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2012) en einnig tíðkast að nota hugtök eins og margbreytileika (e. *diversity*) eða jafnvel hugtakið skóli fyrir alla (e. *inclusion*) þegar átt er við jafnrétti í skólastarfi (Eveline, Bacci og Binns, 2009). Einn ókostur við að nota þessi víðari hugtök er að hætta er á því að kyn og kyngervi verði útundan hvort sem er í menntun kennara eða í skólastarfi. Til að undirstrika þetta má nefna nýja grein um jafnrétti og réttlæti í kennaramenntun þar sem skoðaðar eru allar greinar um efnið sem birst hafa í tímaritinu *Teaching and Teacher education*, alls um 300 greinar. Þó að flestar greinarnar hafi fjallað um hvernig eigi að undirbúa kennara og skapa samhengi fyrir réttlátara samfélag, var aðeins ein þessara greina með áherslu á kyngervi og kynjamisrétti (Kaur, 2012). Í rannsókn Wadesango, Rembe og Chabaya (2011) frá Suður-Afríku kom einnig fram að þrátt fyrir áherslu á jafnrétti í víðri merkingu og bann við mismunun og þrátt fyrir jafnréttissinnað námsefni, var kynjamismunun ástunduð í kennslu og umfjöllun um kyngervi og kynjamisrétti var vísað til lífsleiknikennara (e. *life-orientation teacher*) án þess að þeir hafi fengið til þess sérstaka þjálfun. Þá má nefna grein Milner IV (2010) um hvaða lykilhugtök skuli kenna í kennaramenntun um fjölmenningu; þar komast kynjajafnrétti eða kyngervi ekki á blað. Því er það fagnaðarefni að meðal grunnhugtökanna sex sem aðalnámskránnar frá 2011 byggja á eru lýðræði og mannréttindi annarsvegar og jafnrétti hinsvegar, tvær grunnstoðir, ekki aðeins ein.

Hugtökin jafnrétti og kyngervi eru að flestra mati lykilhugtök kynjajafnréttisfræðslu, þó að vissulega séu þau fleiri (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010). Algengt er þó að skilgreining

á þeim sé óljós og vefjist fyrir kennurum. Í nýlegri sænskri rannsókn á jafnrétti og kyngervi (s. *genus*) í kennaramenntun eru þessi tvö hugtök fyrstu þemun sem koma upp í samræðum við kennara í kennaramenntun og þau vefjast fyrir kennurunum (Hedlin og Åberg, 2011). Meginástæðan tengist því hvort litið er á líffræðilegu kynin tvö þannig að þau stýri karllægum og kvenlægum kyngervum og því sé um eðlislæg einkenni að ræða eða hvort sjónarmið félagslegrar mótunarhyggju eru notuð. Ef stuðst er við síðara sjónarhornið er litið svo á að kyngervi séu félagslega mótuð, margbreytileg og í stöðugri mótun, jafnvel óháð líffræðilegu kyni (Butler, 1990, 2006). Samkvæmt Butler er hvorki litið á kyngervi eingöngu sem einstaklingseinkenni eða hluta af formgerð stofnana og samfélags, heldur sem stöðuga gagnvirka tileinkun sem skapar möguleika og hindranir fyrir viðkomandi. Að skapa eigið kyngervi (e. *doing gender*) er tileinkun eiginleika eða hegðunar sem margir hafa þó áhrif á (Butler, 1990, 2006; Youdell, 2006).

Hugtakið *kyngervi* er stundum þýtt sem *kynferði*, sem er óheppilegt af því kynferði er líka notað sem þýðing á kyni (e. *sex*) og hefur í raun þá merkingu. Þetta á einnig við um ensk heiti hugtakanna. Glasser og Smith (2008) hafa skrifað harðorða grein um að hugtökunum kyni (e. *sex*) og kyngervi (e. *gender*) sé oft ruglað saman eða að þau séu ranglega notuð jöfnum höndum í menntarannsóknum. Þetta hafi seinkað því að umfjöllun um kyngervi komist inn í umræðu um menntamál. Þeir hvetja m.a. aðstandendur APA-ritunarleiðbeininganna, sem mörg tímarit styðjast við, til að taka málið föstum tókum. Bent er á að ef kyngervi (e. *gender*) þýði annað en kyn þá verði að skýra það, því í greinum sé oft talað um kyngervin tvö (e. *two genders*) í merkingunni kynin tvö.

Um fræðilegar áherslur í menntun til jafnréttis kynjanna er nú almennt lögð áhersla á kynjafræðilega sýn, á margbreytilegar birtingarmyndir karlmennsku og kvenleika og að forðast vafasamar eðlishyggjuhugmyndir og hefðbundnar staðalímyndir kynjanna, sbr. ítarlega umfjöllun fyrri höfundar í minnisblaði til forseta Menntavísindasviðs (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009b, 2009c). Lögð er áhersla á að mikilvægt sé að kennarar þekki mun á kyngervi (e. *gender*) sem eru menningarlegar hugmyndir um karlmennsku og kvenleika og kyni (e. *sex*) sem er líffræðileg staðreynd en oft tengd við úreltar hugmyndir um eðli, hæfileika og hlutverk (Lahelma, 2011; UNESCO, 2009). Aðgreining þessara hugtaka er einnig mikilvæg til að greina og skilja kynjun námsgreina og samfélags eða kynjakerfi menningarinnar (Þorgerður Einarsdóttir, 2006; Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011; Katrín Björg Ríkharðsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2012). Munurinn á kyngervi og kyni er einmitt eitt af því sem mælt er með að kennaranemar fái fræðslu um í áður nefndri greinargerð fyrsta höfundar en opinber umræða um jafnréttisfræðslu í framhaldsskólum hefur ekki síður snúist um kynferðislegt ofbeldi og um kennsluaðferðir (sjá nánar í Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009b, 2009c; Borgarholtsskóli, 2011; Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2010)

Í átaksverkefninu *Tasuko* um kynjajafnrétti í kennaramenntun, sem er nýlokið í Finnlandi, er gengið út frá vitund um kyngervi (e. *gender awareness*) sem lykilhugtaki. Niðurstöður verkefnisins benda til þess að afstaða kennara við finnskar kennaramenntunarstofnanir hafi litið breyst síðastliðin 30 ár, til að mynda með hliðsjón af hugmyndum þeirra um eðlislægan kynjamun og hefðbundin kynhlutverk. Spurningar um kyngervi eða margbreytilegar birtingarmyndir karlmennsku og kvenleika virtust mörgum framandi (Lahelma, 2011; Lahelma og Hynninen, 2012).

Svipuð afstaða hefur komið fram hjá íslenskum fræðimönnum um jafnréttisfræðslu, þ.e. að æskilegt sé að ganga út frá kyngervi og kynjajafnrétti sem mismununarbreytu númer eitt og tengja hana síðan öðrum jafnréttisþáttum (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009b; Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Á. Jóhannesson, 2011).

Markmið rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig fræðslu um kynjajafnrétti og jafnréttismál er almennt sinnt í menntun kennara og annarra fagstétta á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Reynt var að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða merkingu leggja kennarar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands í jafnréttishugtakið?
- Hvernig tengja kennarar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands jafnréttishugtakið mismununarbreytum eins og kyni, námsgetu, fötlun, félagslegum uppruna eða fjölmenningu?
- Hvernig segjast kennarar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands nálgast jafnréttismál og kynjajafnrétti í sinni kennslu?
- Hver eru viðhorf kennara á Menntavísindasviði Háskóla Íslands til umfjöllunar um kynjajafnrétti í kennaramenntun og hvaða leiðir telja þeir líklegastar til að styrkja umræðuna um jafnréttismál kynja í sinni kennslu?

Aðferð

Rannsókn RannKyn á stöðu jafnréttisfræðslu í kennaramenntun og annarri kennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands hófst vorið 2011. Áhersla var lögð á að fá upplýsingar beint frá kennurum og stjórnendum, með viðeigandi og næmum aðferðum. Sendur var spurningalisti til kennara sviðsins, tekin voru rýnihópaviðtöl við kennara Menntavísindasviðs og einstaklingsviðtal við lykilstjórnanda.

Spurningakönnun

Í framhaldi af spurningakönnun um jafnréttismál í kennslu í þáverandi Kennaraháskóla Íslands árið 2006 (Ragnar Ólafsson, 2007) var ákveðið að senda kennurum sviðsins sambærilegan spurningalista til að fá samanburð. Listinn var fyrst sendur út í tölvupósti vorið 2011 en heimtur voru lakar. Á haustmisseri 2011 var send út ítrekun og aftur með rafrænum gagnvirkum hætti á vormisseri 2012. Heildarsvarhlutfall var undir 20% þannig að ákveðið var að vinna ekki úr listanum, enda yrðu niðurstöður marklitlar.

Þetta lága svarhlutfall er erfitt að skýra en ætla má að annríki kennara, áhugaleysi eða andstaða við rannsóknina eða málefnið eigi þar hlut að máli. Árið 2006 voru heimtur einnig litlar, eða 34% og því eru þær niðurstöður ekki raktar hér.

Rýnihópaviðtöl

Rýnihópaviðtölin voru frá upphafi hugsuð sem megin aðferð við gagnasöfnun. Munurinn á rýnihóp og hópviðtali er að þátttakendur eru hvattir til skoðanaskipta sín á milli í stað þess að svara aðeins spurningum rannsakenda. Formið er frjálstara en í viðtölum og þykir henta vel þegar verið er að rannsaka mismunandi viðhorf og reynslu. Rýnihópar þykja því æskilegir til að fá innsýn í hvernig hugmyndir dafna í ákveðnu stofnanalegu samhengi og ýmsum þykir þægilegra að ræða slík mál í hóp en í einstaklingsviðtölum (Kitzinger og Barbour, 1999).

Samkvæmt rannsóknaráætlun var ætlunin að ná til mismunandi fagkennara Menntavísindasviðs með áherslu á kennaradeild. Val á þátttakendum fór fram á eftirfarandi hátt: Vorið 2011 var auglýst eftir þátttakendum á póstlista starfmannna (mvs-starf). Þannig voru myndaðir tveir 4–5 manna hópar úr öllum deildum sviðsins sem rætt var við á vormánuðum 2011. Þar á meðal voru kennarar sem höfðu tekið þátt í Nord-Líla-verkefninu 1992–1994. Ákveðið var að fá einn skólastjóra grunnskóla, sem tók þátt í Nord-Líla-verkefninu,

Í þann rýnihóp til að fá hans sýn á stöðu jafnréttisfræðslu í hans skóla, en ætlunin er að ræða við fleiri skólustjóra í næsta áfanga verkefnisins. Til að hvetja til þátttöku var haft samband við formenn kjörsviða haustið 2011 og þeir beðnir um rýnihópaviðtöl með sínum samkennum. Þannig var rætt við kennara úr nátturuvísindum, íslensku, erlendum tungumálum, listgreinum og samfélagsgreinum. Reynt var að ná til fleiri kjörsviða án árangurs. Að lokum var ákveðið að ræða við hóp fólks af Menntavísindasviði sem sérstaklega hefur fengist við kennslu um jafnréttismál í víðri merkingu.

Alls var því rætt við átta rýnihópa. Fjöldi viðmælenda í rýnihóp var almennt á bilinu fjórir til átta en í tveimur hópanna voru viðmælendur færri vegna síðbúinna forfalla. Viðmælendur í rýnihópunum voru samtals 33 kennarar frá öllum deildum sviðsins, en langflestir viðmælenda komu úr kennaradeild.

Rýnihópaviðtölin áttu sér stað í ýmsum fundarherbergjum Menntavísindasviðs frá vori 2011 fram á vor 2012. Framkvæmd viðtalanna var þannig háttáð að tveir stjórnarmenn í RannKyn, oftast höfundar þessarar greinar, boðuðu fundina og stýrðu umræðum. Eftir stutta kynningu á tilgangi rannsóknarinnar var umræðan opnuð út frá opnum gátlista um viðhorf viðkomandi til eigin kennslu um jafnrétti og kynferði og hvernig þeir teldu að mætti bæta þessi mál í kennslu á sviðinu. Reynt var að tryggja að sjónarmið allra kæmu fram og því hvatt til skoðanaskipta og óskað eftir dæmum úr eigin kennslu. Hvert viðtal tók eina til eina og hálfu klukkustund.

Rýnihópaviðtölin voru öll afrituð með leyfi þátttakenda og greind eftir þeim þeim sem upp komu og þóttu áhugaverð.

Einstaklingsviðtöl

Upphaflega var ætlunin að taka tvö einstaklingsviðtöl, annað við lykilstjórnanda af Menntavísindasviði og hitt við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins um túlkun á lagaákvæðum og námskrám. Síðarnefnda viðtalið féll niður en upplýsingar bárust skriflega sem svar við fyrirspurn RannKyn (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011d). Fleiri stjórnendur af Menntavísindasviði tóku þátt í rannsókninni í gegnum rýnihópaviðtölin. Viðtalið við lykilstjórnandann var tekið af tveimur stjórnarmönnum RannKyn, höfundum þessarar greinar. Það var afritað og greint á sama hátt og rýnihópaviðtölin, eftir þeim og rannsóknarspurningum. Viðtalsramminn miðaðist við að fá upplýsingar um hvernig mál-efninu væri sinnt á Menntavísindasviði eða á vettvangi og hvort til stæði að breyta því, t.d. í nefndinni um 5 ára kennaramenntun. Einnig voru tekin nokkur óformleg viðtöl við sérfræðinga um jafnréttismál innan og utan sviðsins.

Þessi hluti rannsóknarinnar beindist aðallega að kennurum á Menntavísindasviði. Næsti hluti mun beinast að nemendum Menntavísindasviðs og starfi úti í skólum. Rannsóknin hefur verið styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Síðferðileg álitamál

Greinarhöfundar, eins og aðrir fræðimenn, eiga allt sitt undir aðgengi að upplýsingum, hvort heldur þær eru sóttar í skráð gögn eða til fólks. Vart þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að gæta trúnaður við viðmælendur og koma fram við þá af heilindum og heiðarleika. Þótt þessi atriði eigi við í öllum rannsóknnum á þetta enn frekar við þegar bæði rannsókn-arefnið og vettvangur rannsóknar er viðkvæmt og umdeilt.

Kynjarannsóknir í kennaramenntun falla í þann flokk. Gaby Weiner (2000) sem rannsakað hefur kynferði og kennaramenntun í Evrópu hefur bent á að rannsóknarsviðið sé erfitt og ákveðin andstaða sé við umræðuna um kyngervi, jafnrétti og femínisma meðal forsvarsmanna í kennaramenntun (sjá nánari umfjöllun í Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009a og 2009b). Þær tafir sem greinarhöfundar lentu í við framkvæmd þessarar rannsóknar stað-

festu þetta, sbr. lágt svarhlutfall og erfiðleika við mönnun rýnihópa. Í þessari rannsókn eru viðmælendur samstarfsmenn höfundu. Höfundar eru því sjálfir hluti af því kerfi sem rannsóknin tekur til. Því má segja að vettvangurinn sjálfur sé einnig viðkvæmur.

Höfundum er það mikið kappsmál að greinin verði til upplýsingar um stöðu kynjajafnréttis á Menntavísindasviði á þann hátt einan sem nýst geti til umbóta í kennslu- og starfsháttum við stofnunina. Þeir hafa því leitast við að miðla upplýsingum um hvers þeir urðu vísari í viðtölum sínum við kennara án þess að rjúfa trúnað og hafa skaðleg áhrif á málefnið og vinnustaðinn. Þetta hefur reynst talsverð jafnvægiskunst. Í mörgum tilvikum hefur því reynslusögum og dæmum verið sleppt vegna þess að fámennið veldur því að þau mætti rekja til einstakra viðmælenda. Höfundar gera sér grein fyrir að í einhverjum tilvikum er þetta á kostnað efnisins.

Niðurstöður

Eins og þegar hefur verið minnst á gekk höfundum erfiðlega að fá svör við spurningalistum og einnig við að ná fólki saman í rýnihópaviðtöl. Í ljósi þessa var athyglivert hvernig meint áhugaleysi og jafnvel andstaða við málefnið breyttist oft í eldmóð í miðju rýnihópa-samtali. Umræðan fór oft á flug þegar ein hugmynd kveikti aðra, einkum þegar rætt var um æskilegar leiðir til umbóta.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr viðtölum við fulltrúa í rýnihópum og stjórnanda á Menntavísindasviði. Þeim er fyrirkomid í eftirfarandi þrem þemum sem fram komu við gagnagreiningu og með vísan í rannsóknarspurningar: *Sýn og viðhorf til jafnréttishugtaksins, birtingarform kynjajafnréttis í kennslu og leiðir til að efla kynjajafnrétti í kennaramenntun.*

Sýn og viðhorf til jafnréttishugtaksins

Viðmælendur voru sammála um að víðari skilningur á jafnréttishugtakinu ríkti nú en t.d. fyrir 20 árum og umræðan um það sé að sama skapi á breiðari grundvelli. Áherslan núna sé á „mannréttindi og réttindi einstaklinga með ólíkan bakgrunn og aðstæður í lífinu ...“. Kennari í leikskólakennarafræðum nefndi að innan heiltækrar skólastefnu, sem víða væri áberandi á vettvangi leikskólans, hafi mikil áhersla verið lögð á jafnrétti í víðu samhengi í að minnsta kosti 15 ár. Þessi vinna væri í samræmi við *Barnasáttmálann* þar sem lögð er áhersla á að tryggja að öll börn fái menntun við hæfi, að raddir barna fái að heyrast og njóta sín. Svipað sjónarmið kom fram í hópi íslenskukennara sem töldu að í grunninn snerist [jafnréttis]málið um mannréttindi í víðu samhengi og kynjajafnrétti væri einn þáttur þeirra. Þetta kæmi vel fram í aðalnámskránni sem endurspegladi einmitt þetta víða sjónarhorn á jafnrétti. Viðmælendi á þroskaþjálfabraut sagði að það væri „í eðli brautarinnar“ að leggja áherslu á jafnrétti og að sá skilningur á jafnréttishugtakinu væri víður.

Sambærileg afstaða kom fram hjá öðrum kennara í leikskólakennarafræðum sem kvað litla umræðu um kynjajafnrétti hafa farið fram á námsleið leikskólakennara, önnur mál hafi haft forgang og sér virtist sem það væri „einhvern veginn alltaf eitthvað annað sem [kæmi] fyrst“. En þótt lítið hafi verið rætt um kynjajafnrétti tók kennarinn fram að fljótlega hefði farið af stað almenn jafnréttisumræða „þetta með fjölbreytileikann, fjölmeninguna ...“ og því væri leikskóli fyrir alla löngu orðinn að veruleika. Viðmælendi af kennarabraut hafði sömu sögu að segja og kvaðst ekki leggja sérstaka áherslu á kynjajafnrétti í sinni kennslu, áherslan væri meira á „jafnréttismál með tilliti til bara allra þátta ... stéttar og jafnrétti til náms“.

Stjórnandi á Menntavísindasviði tók undir framangreind sjónarmið og taldi að fólk [á sviðinu] væri almennt afar meðvitað um jafnréttismál en flestir litu sennilega svo á að kynjajafnrétti væri „bara eitt af svona mörgu sem varðar jafnrétti í skólastarfi“. Um sína eigin

afstöðu sagði hann, að „þetta með margbreytileika nemendahópsins, það finnst mér vera rosalega stórt mál, já og kyn er [hluti] af því“. Í máli stjórnandans kom því fram sami skilningur og hjá viðmælendum í rýnihópum að það væri jafnrétti nemenda í víðum skilningi sem mest áhersla væri lögð á en stjórnandinn bætti við að „kynjajafnrétti ...mætti vera miklu meira áberandi í umræðunni“.

Nokkrir viðmælenda höfðu margra ára reynslu af því að vinna kynjajafnrétti brautargengi í kennaramenntuninni. Meðal þeirra er kennari sem lýsti þróun jafnréttismála á síðustu áratugum á eftirfarandi hátt:

Landslagið hvað varðar jafnrétti, bara jafnréttishugtakið ... var svo tengt kynjajafnrétti á þessum tíma ... en mér finnst núna hafi þróunin einmitt verið sú að þetta er svo mikið tengt fjölmenningu, skólinn fyrir alla.

Hér vísar viðmælandi til þess tímabils þegar talsvert var um þróunarverkefni á sviði kynjajafnréttis á ýmsum skólastigum. Í sumum tilvikum, svo sem í norræna verkefninu Nord-Lilia, unnu saman fulltrúar af vettvangi skólafarfa, háskólakennarar og fulltrúar menntamálaráðuneytis.

Viðmælendum varð einnig tíðrætt um þá afturför sem orðið hefði í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og töldu að hún birtist víða. Einn reynslumikill kennari nefndi í þessu sambandi að á leikvöllum barna í yngstu bekkjum grunnskóla ríkti geysileg kynjaaðgreining að því marki að tala megi um ákveðna kynjamenningu sem birtist sterklega í klæðaburði barnanna. Drengirnir einoki fótboltavöllinn en stúlkurnar séu í öðrum leikjum og séu oft bara „að væflast eitthvað og ... eins og þær eigi erfitt með að finna sér eitthvað að gera ...“. Þeim strákum sem ekki hafi áhuga á fótbolta sé vorkunn því þeir séu vælandi og „druslast inn í fótboltann af því að það er bara standardinn hjá þeim“ [strákum].

Af orðum þessa kennara má skilja að hann telji að hér þurfi fullorðnir að grípa inn í og greina þessa meintu kynjuðu menningu og leita leiða til að afbyggja hana. Aðspurður hvernig hann sæi að þetta yrði gert sagði kennarinn að ein leiðin gæti verið að vinna með drengjum og stúlkum að því að breyta þessu mynstri.

Þegar afstaða viðmælenda til jafnréttishugtaksins er dregin saman kemur í ljós að þeir eru sammála um að viðhorf til hugtaksins séu mun víðari nú en t.d. fyrir tveimur áratugum. Að þeirra mati er megináherslan á mannréttindi í víðu samhengi og á réttindi barna í samræmi við ákvæði *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*. Þeir telja kynjajafnrétti aðeins einn af mörgum þáttum jafnréttis eða eins konar hlutmengi í hugtakinu jafnrétti. Þessi afstaða virðist óháð brautum, fræðasviðum og greinum sem viðmælendur á Menntavísindasviði tengjast.

Birtingarform kynjajafnréttis í kennslu

Viðmælendur nefndu ýmis dæmi um það hvernig þeir hafa nálgast kynjajafnrétti í kennslu fyrr og nú. Hér eru þessi dæmi flokkuð í þrennt eftir því hvort þau endurspeglu víða sýn á jafnréttishugtakið, hefðbundna sýn á kyn og kynhlutverk eða kynjafræðilega sýn á sömu þætti. Umfjöllun hefst þó á stuttum aðfara um birtingarform kynjajafnréttis í kennslu á liðnum áratugum með vísan í orð viðmælenda.

Einn viðmælandi sagði að fyrir 20 árum hefði hann fjallað um kynjajafnrétti í tengslum við sjálfsmynd og fleiri tengda þætti innan sinnar fræðigreinar. Að hans mati hefur þróunin á hinn bóginn verið óheillavænleg. M.a. hafi jafnréttisnámskeið sem hann og aðrir kennarar hönnuðu síðar ekki verið nægilega í takt við tíðarandann og ekki náð til nemenda.

Þannig að þetta gekk upp og ofan fannst mér og ég verð að játa að mér fannst þarna undir lokin, svona svolítið eins og uppgjöf, að þetta væri eitthvað, væri svona eitthvað ... þá breytti maður um viðfangsefni, af því að þetta [jafnréttisfræðsla] var þreytt verkefni.

Svipuð uppgjöf kom fram hjá kennara sem sagðist hafa setið í jafnréttisnefnd Menntavísindasviðs á tímabili. Hann sagði þá vinnu oft hafa verið erfiða og „svona, ég held ég hafi þínulítið svona gefist upp, ef ég á að vera alveg heiðarleg“.

Einn viðmælandi rifjaði upp að í kjölfar svonefndrar drengjaorðræðu á síðari hluta tíunda áratugar, hafi kennarar við Kennaraháskóla Íslands farið að bjóða sérstök námskeið fyrir karlmenn í kennaranámi undir heitinu *Karlmennska í grunnskólum* og þau hafi verið kennd í nokkur ár. Á þessum tíma hafi viðkomandi kennarar séð þetta námskeið sem vettvang til að styrkja sjálfsmynd þeirra fáu karlkyns kennaranema sem voru í skólanum.

Stjórnandi á sviðinu nefndi einnig að nú um stundir væri kynjajafnrétti helst nefnt í umræðum um PISA og niðurstöður samræmdra prófa og þá í tengslum við muninn á frammi- stöðu drengja og stúlkna. Einnig kom fram að undirbúningur kennaranema fyrir jafnréttisfræðslu í skólum færi fyrst og fremst fram innan námskeiðsins *Lífsleikni í grunnskólastarfi*. Á það skal minnt að *lífsleikni* er sérstök námsgrein innan samfélagsgreina samkvæmt núgildandi aðalnámskrá, og nú hafa *jafnréttismál* einnig fengið þá stöðu, auk þess að vera einn af sex grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrám.

Víð sýn á jafnréttishugtakið – Kynjablinda

Meirihluti viðmælenda sagðist flétta umfjöllun um jafnrétti í víðu samhengi inn í sína kennslu fremur en fjalla sérstaklega um kynjajafnrétti. Nokkrir þeirra sögðust nálgast jafnréttismál út frá hugmyndafræðinni um réttindi barna og unglunga eins og þau eru skilgreind í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*. Einn viðmælandi sagðist leggja áherslu á að veita nemendum tækifæri til að ígrunda sín eigin viðhorf til fjölbreytileika, jafnréttis og jafnréttis til náms en ekki leggja sérstaka áherslu á kyn eða kynjajafnrétti.

Þessi fjölmenni hópur virðist því leitast við að samþætta umfjöllun um jafnréttismál inn í sína kennslu. Ekki kom fram hvernig, nákvæmlega þessir kennarar útfærðu sínar áherslur í kennslunni. Hér eru því hvorki tíunduð dæmi né reynslusögur frá kennurum um útfærslu á samþættingu jafnréttismála í þeirra kennslu en ljóst er að athyglinni er ekki beint að kynjajafnrétti sérstaklega.

Hefðbundin sýn á kyn og kynhlutverk – Staðfesting staðalmynda

Sum dæmin sem kennarar á Menntavísindasviði nefndu um það hvernig þeir tækju á kynjaviddinni í sinni kennslu má líta á sem hefðbundin eðlishyggjusjónarmið um kynjamun. Einn kennari kvaðst t.d. leggja áherslu á útikennslu því hún hentaði strákum, sem hann nefndi „þotuliðið“, vel. Þessi kennari sagði það skoðun sína að grunn- og framhaldsskólinn væri fyrst og fremst sniðinn að þörfum stúlkna sem vildu lítið hreyfa sig. „Hann er gerður fyrir stelpur ... fyrir fólk sem er skapað til að sitja á rassinum, árum saman allan daginn...“. Skólinn væri eingöngu fyrir þetta „setuliði“ stúlkna. Annar kennari tók undir það sjónarmið að rannsóknir sýndu að „þeir [drengirnir] blómstra oft í útikennslu“.

Tveir samkennarar sögðist hafa skipt nemendum sínum eftir kyni því þeim hefði fundist „sem það væri ákveðin lausn fyrir þær [stúlkurnar]“, að þeim hentaði slíkt fyrirkomulag. Þeir sögðust einnig hafa kennt raungreinar í leikskóla og „við skiptum þeim eftir kynjum og pössuðum svolítið upp á að vera með stelpudót í því sem þær voru að vinna með“.

Einn viðmælandinn kvaðst taka markvisst á kynjajafnrétti í kennslu og nefndi m.a. hversu mikilvægt væri að byggja verklegt nám á áhöldum sem hægt væri að finna á mismunandi

stöðum innan heimilis, svo sem í eldhúsinu eða barnaherberginu. Þó að slík áhöld geti vafalaust hjálpað til við tileinkun á námsefninu, þá er slík afstaða varla til þess fallin að afbyggja staðalmyndir um kyn og kynhlutverk í ljósi þess að langflestir kennaranemar eru konur.

Til að fyrirbyggja misskilning er það sjónarmið greinarhöfunda að kynjaskipting sé aðferð sem bæði má nota til að staðfesta eða afbyggja staðalmyndir.

Kynjafræðileg sýn á kyn og kyngervi – Afbygging staðalmynda

Þótt margir kennarar á Menntavísindasviði fjalli ekki sérstaklega um jafnrétti kynjanna í sinni kennslu þá á það ekki við um alla. Einn viðmælandi sagðist t.d. leggja mikla áherslu á að fjalla sérstaklega um kynjafnrétti því hann teldi útilokað að tala um jafnrétti fyrir leikskólabörn án þess að beina athyglinni að kynjasjónarmiðum. Kynjafnrétti væri af þessum sökum í brennidepli í kennslunni hjá sér: „hugtök bara eins og jafnrétti, kynjafnrétti og mismunun vegna kynferðis ... það virðist vera frekar ... nýtt fyrir þeim, sko, þau eru komin á þriðja ár“. Svipuð afstaða kom fram hjá viðmælanda sem sagði að sín grein styddi mjög vel við umfjöllun um hlutverk kynjanna og atriði eins og hvað sé meðfætt og hvað áunnið. Undir þetta tók kennari í tómsundafræði sem kvaðst vera afar meðvitaður um að flétta umfjöllun um jafnrétti kynjanna inn í sína kennslu. Þetta væri auðvelt vegna þess hversu vel flestar bækur á sínu sviði tækju á bæði jafnrétti kynja og kynþátta. Fram komu áhyggjur af mikilli kynjaslagsíðu innan íþróttar og því mikilvægt að nemendum sé ljóst hversu ólík og ójöfn staða kynjanna sé innan íþróttar. Annar viðmælandi innan sömu deildar sviðsins benti á mikilvægi þess skoða stöðu kynjafnréttis í kennslu um íþróttir.

Í rýnihópi verk- og listgreinakennara kom fram sama kynjafræðileg sýn og að framan. Einn kennari benti á að karllægar túlkningar hefðu verið ráðandi í listasögunni í áratugi og sú sýn hafi mótað túlkun á myndlist og myndverkum. Nú væri sú staða að breytast vegna femínískra listfræðinga sem greindu list og listaverk á annan hátt. Feminísk listfræði væri einhver öflugasta nýsköpunin innan þeirrar greinar og þá stöðu sagðist kennarinn nýta í kennslu á Menntavísindasviði sem:

... ákveðið innslag í þá umræðu sem verður milli mín og nemendanna, þ.e.a.s. að eiginlega gera grein fyrir ákveðinni söguskoðun, segja að, að ... konur áttu ekki í raun og veru aðgengi hér áður fyrr að myndlistarvettvanginum, hann var bara lokaður sem slíkur.

Hann sagðist t.d. taka myndverk sem nemendur þekktu, og hefðu, samkvæmt sögulegri hefð, verið túlkuð með ákveðnum [karllægum] hætti og beita aðferð femínískra listfræðinga til að greina þau og túlka. Nemendum fyndist þessi nálgun áhugaverð enda yrði niðurstaðan oft allt önnur en sú sem þeir hefðu komist að áður.

Annari viðmælandi kvað kennslubækur í eðlisfræði henta afar vel til að taka á jafnrétti kynjanna. Þar væri t.d. markvisst unnið með afbyggingu á staðalímyndum um kynin. Hann nefndi m. a. eftirfarandi dæmi um þær áherslur:

Hérna er Barbie-dúkka og hér er svona einhver aksjón-maður...en þá er t.d. Barbie-dúkkan reyndar komin með vopn, hún er í hermannafötum á meðan að aksjón-karlinn er hérna með ... svuntu og smákökur í fanginu ... og ef þið kíkið á forsíðuna, hérna, sé ég ekki betur en að með táknrænum hætti sé eðlisfræðin notuð til að velta, hérna, feðraveldinu úr sessi ... þannig að það er verið í þessum kennslubókum ... að vinna markvisst ... gegn þessum staðalímyndum.

Aðspurður hvernig viðbrögð nemenda við þessu kennsluefni væru sagði hann þessar bækur vera mjög vinsælar.

Viðmælendur í rýnihópi tungumálakennara sögðust leggja áherslu á að nemendur yrðu meðvitaðir um að nota ekki kennsluefni sem viðhélldi staðalímyndum um kynin. Þetta væri mun auðveldara í dönsku- en enskunámi vegna þess að danskt námsefni væri samið á Íslandi af fólki sem kynni vel til verka í þessu tilliti. Í ensku væru þessu öðru vísi farið því það efni væri samið fyrir alþjóðamarkað og gæfi lítil sem engin tilefni til umræðu um jafnréttismál. Framangreind dæmi undirstrika hversu mikilvægt er fyrir kennara að hafa aðgang að kennsluefni sem hentar til þess að taka á kynjajafnrétti.

Tveir viðmælendur kvörtuðu undan því að nemendur hefðu ekki vald á kynjafræðilegum hugtökum þegar á reyndi í lokaritgerðum. Annar þeirra sagði frá því að hann hefði leiðbeint nemanda við lokaverkefni en þrátt fyrir að nemandinn „hafi setið námskeið hjá mér þar sem grundvallaratriði var kyn“ þá var ekki „vottur af kynjaumræðu“ í þeim texta sem nemandinn skilaði kennara. Reynsla þessa viðmælanda er sú að nemendur „ráða ekki við hugtökin“.

Að lokum skal nefna að einn viðmælandinn nálgadist spurninguna um kynjajafnrétti á Menntavísindasviði frá öðru sjónarhorni en aðrir viðmælendur og benti á að innan háskólans ríkti karllæg kynjaslagsíða. Nánar um þetta sagði hann:

Mér hefur sýnst svolítið í kringum þessar fræðimannaáherslur ... að það eru rosalega mikil svona strákagengi sem ráða svolítið ríkjum þarna og sem eru kallaðir til ábyrgðar ... í nefndum og svona. En þetta er ekkert sem við erum að útvarpa, er þetta ekki bara okkar á milli?

Með þessum orðum dregur viðmælandi athyglina sérstaklega að kynjablindu sem hann telur að ráði úrslitum um það að karllæg viðhorf séu ráðandi við stefnumótun háskólans og við val á fólki til ábyrgðarstarfa.

Dæmin sem þessir viðmælendur nefna gefa vísbendingu um að þeir séu sammála því að viðhorf til jafnréttishugtaksins séu mun víðari nú en fyrir 2–3 áratugum. Stór hópur kennara tekur ekki sérstaklega á kynjajafnrétti í sinni kennslu heldur vísar til þess sem fram er komið að sýnin á jafnréttishugtakið sé víð og þeir taki mið af henni. Margir þeirra telja þó að kyn nemenda skipti máli og leitast við að finna leiðir til að takast á við það í sinni kennslu. Frá sjónarhóli kynjafræða tekst þeim misvel upp í þessari viðleitni sinni. Sumir virðast fastir í hefðbundnum eðlishyggjuhugmyndum um hlutverk kynjanna meðan aðrir reyna markvisst að afbyggja staðalmyndir um kyn og kyngervi í sinni kennslu.

Leiðir til að efla kynjajafnrétti í kennaramenntun

Viðmælendur voru spurðir hvernig þeir teldu að helst mætti styðja við kynjajafnrétti í kennaramenntun. Tillögur þeirra miðast helst við hvatningu, fræðslu og skýra stefnu á vegum yfirstjórnar Menntavísindasviðs; sýnileika kynjajafnréttis í opinberum gögnum um sviðið; og ráðgjöf á vegum RannKyn. Hér verður fjallað nánar um þessar tillögur viðmælanda.

Margir viðmælendur töldu það algert forgangsatriði að beina athyglinni fyrst að kennurum og kennaramenntunarstofnunum ef árangur ætti að nást í jafnrétti kynjanna. Einn kennarinn nefndi að reynsla sín af jafnréttisstarfi bæði úr kennslu og í nefndum hefði sannfært sig um að ekki mætti gefa sér að kennarar sinntu jafnréttiskennslu.

Stjórnandi á Menntavísindasviði kvaðst ekki telja að það væri „rými í kennaranáminu fyrir námskeið um þetta“ [kynjajafnrétti] og vænlegasta leiðin til að styrkja stöðu kynjajafnréttis í kennaranámi væri „fræðsla til kennaranna [hún] mundi skila meiru heldur en eitthvað eitt námskeið [fyrir nemendur] sem hétu jafnrétti kynjanna eða eitthvað svoleiðis“. Hann benti jafnframt á að í stað þess að bjóða sérstök námskeið um kynjajafnrétti þá yrði „árangurs-

ríkara að reyna að komast að öllum kennarahópunum þannig að faggreinakennararnir [tækju] þetta [kynjafnrétti] út frá sinni grein“.

Þetta sjónarmið kom einnig fram hjá sumum kennurum sem sögðust draga í efa að eitt skyldunámskeið um kynjafnrétti væri vænlegast til árangurs. Um þetta sagði einn kennarinn: „... ég er samt ekki viss um að ... að rétta leiðin sé að búa til eitt námskeið sem heitir Jafnrétti af því að mér finnst svo rosalega mikilvægt einmitt að þetta sé hlutur sem að sé alls staðar. En þá verður það að vera sýnilegt alls staðar líka.“ Annar kennari tók undir þetta sjónarmið um samþættingu og sagðist telja vænlegra að taka á kynjafnrétti sem samþættu viðfangsefni í öllum greinum og að jafnrétti þyrfti þá að koma fram í öllum námskeiðslýsingum.

Einn kennari taldi að vinsamleg tilmæli eða áminningar frá yfirstjórn sviðsins gætu stutt mjög vel við kennara sem vildu sinna fræðslu um kynjafnrétti. Hann benti á að gildin *jafnrétti* og *virðing* væru áberandi í allri kennslu innan sinnar greinar, tómsundafræða, og það byði þeirri hættu heim að kennarar gleymdu því hversu mikilvægt væri að hugtökin sæjust jafnframt á prenti. Af þessum ástæðum sagðist hann taka því fagnandi ef yfirstjórnin minnti á mikilvægi þess að setja kynjahugtök inn í þau gögn sem færu til nemenda: „Það þarf að hjálpa mér að hjálpa mér sjálfri“, eins og hann orðaði það, „með því að senda mér orðsendinguna ‚Mundu nú ... að setja þetta inn í námskeiðslýsingarnar““.

Nokkrir viðmælendur nefndu að mikilvægt væri að kynjavíddin væri sýnileg í opinberum gögnum um skólann. Einn kennari sagðist til að mynda telja mikilvægt að námskeiðslýsingar yrðu skoðaðar með tilliti til kynjahugtaka. Undir þetta tók annar kennari sem lagði áherslu á að kynjafnrétti og kynjahugtök væru gerð sýnileg í bæði námskeiðsheitum og námskeiðslýsingum því að öðrum kosti yrði umfjöllun „háð bara eldhuganum hverju sinni“. Þessi viðmælandi taldi að RannKyn gæti stutt fólk við að flétta kynjafnrétti inn í allar námskeiðslýsingar. Aðrir bentu á að jafnvel í þeim tilvikum þar sem námsefni væri vandað og tekið væri á kynjavíddinni á námskeiðum væri ekki hægt að treysta því að námslýsingar gæfu slíkt til kynna og voru sammála um að þessu þyrfti að breyta.

Fleiri viðmælendur nefndu RannKyn (Rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun) sem dæmi um aðila innan Menntavísindasviðs sem gæti stutt við kynjafnrétti. Einn kennari sagðist telja að RannKyn gæti haft „verulega mikla þýðingu og svona aðstöðu til að kalla fólk saman eða ná fólki saman“. Slíkt væri afar mikilvægt enda hafi kennaramenntun lengst af liðið fyrir skort á þverfaglegri umræðu. Viðfangsefni eins og kynjafnrétti og umhverfismennt, sem ekki hafi talist til námsgreina, hafi sérstaklega liðið fyrir þennan skort og að „vegna aðstæðnanna ... og verri starfsskilyrða“ hafi samkeppni og valdabaráttu aukist síðustu árin. Þessi kennari kvaðst hafa orðið fyrir vonbrigðum með að fimm ára kennaranámið virtist ekki hafa aukið svigrúmið til að taka inn nýja námsþætti í grunnmenntun kennara og sagðist vera „svona dálítið á gati“ yfir þeirri stöðu. Kennarinn taldi að „það væri gagnlegt að reyna að ræða þessa þætti ... sem eru ekki viðurkenndar kennslugreinar, ræða þeirra stöðu, hvaða möguleika þær hafa yfir höfuð í skólakerfinu“.

Fleiri kennarar tóku undir það sjónarmið að RannKyn hefði hlutverki að gegna við að efla kynjafnrétti í kennaramenntun. Nánar sagði einn þeirra:

Mér finnst bara að með þessari rannsókn, sem þið eruð að gera, þá séuð þið búin að gera eitthvað ... Það er búið að hreyfa við okkur og þó ég ... telji mig vera mjög mikinn jafnréttissinna og manneskju sem hugsar mjög mikið um kyngervi, hvort sem það er í kennslunni eða bara almennt séð úti í samfélaginu, að þá veitir ekkert af því að hnykkja aðeins á þessu.

Orð þessa viðmælenda eru dæmi um það sem áður var vikið að um áhuga og eldmóð viðmælenda í rýnihópum þegar á hólminn var komið.

Hér að framan hefur í stuttu máli verið fjallað um þá þrjá þætti sem viðmælendur töldu að gætu stutt við kynjajafnrétti í kennaramenntun; hvatningu, fræðslu og skýra stefnumörkun á vegum yfirstjórnar Menntavísindasviðs, sýnileika kynjajafnréttis í opinberum gögnum um sviðið og ráðgjöf á vegum RannKyn. Einnig var bent á að mikilvæg forsenda fyrir umbótum væri að efla þverfaglega umræðu innan sviðsins.

Umræða

Í þessari grein er fyrsti hluti rannsóknar RannKyn um jafnrétti í skólastarfi kynntur og athyglinni beint að kennaramenntuninni og kennarahópum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig tekið er á fræðslu um kynjajafnrétti og jafnréttismál á sviðinu með áherslu á kennaramenntunina. Þó að ekki hafi verið rætt við alla kennara sviðsins, þykja niðurstöður gefa góðar vísbendingar um stöðuna, þar sem enginn ágreiningur var um efnið.

Niðurstöðurnar benda til að tekist sé á um það hvað eigi að leggja áherslu á í kennaramenntuninni og hvernig. Ljóst er jafnframt að hefðin styður ekki við málefnið kynjajafnrétti og jafnréttismál. Í kennaranáminu og í öðrum deildum sviðsins virðist ekki vera yfirsýn um hvernig jafnréttismálum er sinnt. Þegar spurt var um áherslur og stefnumótun var höfundum bent á að skoða námskeiðslýsingar, þótt þær tilgreini yfirleitt ekki áherslur á kyn og jafnrétti. Kennarar telja sig jafnréttissinnaða, en leggja almennt ekki mikla áherslu á kynjajafnrétti í sinni kennslu. Aðeins örfáir kennarar notuðu helstu hugtök kynjafræða svo sem kynhlutverk, staðalmyndir, kynjakerfi, hugmyndir um kvenleika og karlmennsku eða gerðu greinarmun á kyni og kyngervi. Þeir sem huga að málefnum kynjanna styðja sumir við hefðbundnar staðalmyndir á meðan aðrir leitast við að afbyggja þær eða benda á félagslega mótun kynhlutverka.

Skilningur á jafnréttishugtaki

Niðurstöðurnar sýna að almennt er jafnréttishugtakið skilið víðum skilningi innan Menntavísindasviðs. Flestir telja að áherslan sé á jafnrétti í víðri merkingu fremur en á kynjajafnrétti. Innan sviðsins sé áherslan á skóla fyrir alla og þar sé kyn einn af mörgum þáttum sem þó sé oft ósýnilegur í námskeiðslýsingum, lesefni og efnistöfum.

Fæstir ræða um jafnrétti með tilliti til mismununarbreytta eins og kyns, búsetu eða félagsstöðu, sbr. túlkun ráðuneytisins á hugtakinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, 8. júlí) og áður nefnd ákvæði í aðalnámskrám. Oftar er lögð áhersla á hugtök eins og mannréttindi, margbreytileika, barnasáttmála og heiltæka skólastefnu fremur en jafnrétti. Þótt halda megj því fram að margbreytileikinn nái yfir mismunandi trúarskoðanir, litarhátt og þjóðerni þá eru þau hugtök sjaldnar nefnd. Þetta er umhugsunarvert þar sem meðal hinna sex grunnþátta eða stöða í aðalnámskrám eru lýðræði og mannréttindi ein stöðin og jafnréttismál önnur. Stoð jafnréttismála virðist verða meira útundan í kennslu á Menntavísindasviði en mannréttindi og minna rædd, að minnsta kosti kynjajafnréttið.

Kynjajafnrétti í kennslu á Menntavísindasviði

Kennararnir mundu eftir því að á 10. áratugnum, á tímum Nord-Lilia-verkefnisins, var kynjajafnrétti markvisst í brennidepli, ekki síst til að gera stúlkur sýnilegri, en upp úr 1997, þegar drengjaorðræðan komst í hámmæli, virtist þetta breytast. Enn virðist tilhneiging til að líta á kynin tvö sem heildstæða og einsleita hópa, þannig að ef stúlkum gengur vel komi það niður á drengjum og öfugt (e. *zero sum game*) (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007). Þó að flestir kennarar telji sig jafnréttissinnaða, virðast sumir horfa fram hjá kynjajafnrétti og telja aðra þætti mikilvægari. Aðrir kennarar telja kynjajafnrétti mikilvægt og að fjalla eigi um

Það í kennslu. Oft á tíðum hvílir sú umfjöllun á hefðbundnum eðlishyggjuhugmyndum um kynin sem tvo einsleita hópa, fremur en að reynt sé að afbyggja staðalímyndir og ýta undir margbreytilega sýn einstaklinga beggja kynja. Sumir kennarar sakna þess að kennararnemar þekki ekki nauðsynlegustu hugtök kynjafræða enda fá þeir litla fræðslu um þau í kennaranáminu. Þetta veldur því m.a. að nemarnir eiga í erfiðleikum að fjalla um kynjajafnrétti í sínum lokaverkefnum.

Sömu sjónarmið koma fram í nýlegri doktorsrannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2012) á leikskólastarfi. Þótt allir leikskólakennarar vildu stuðla að jöfnuði og draga úr misrétti á leikskólum þá var algengt að þeir útskýrðu mismunandi iðju drengja og stúlkna með ólíku eðli þeirra.

Ástæðan virðist í báðum tilvikum sú að fæstir kennarar hafa þekkingu á kynjafræðilegum hugtökum eins og kyngervi, hugmyndum um karlmennsku og kvenleika eða því kynjakerfi sem þeir búa við, og gera því ekki tilraunir til að hrófla við hefðbundnum og oft skaðlegum eða heftandi kynímyndum eða staðalmyndum. Eðlishyggjuviðhorf viðmælenda má því vafalítið rekja til þess að þeir fengu sjálfir litla eða enga menntun í kynjafræði á sinni skólagöngu og ríkjandi menning þess tíma hefur fremur stutt við en afbyggð ríkjandi hugmyndir um kynin. Þeir kennarar sem þekkja til kynjafræðilegra hugtaka kvarta undan því að nemendur geti ekki greint sín gögn í kynjafræðilegu ljósi, þar sem þá skorti viðeigandi hugtök. Mikilvægt er þess vegna að hafa í huga að næmi fyrir kynjamun eða öðrum mismunarbreytum er ekki spurning um persónulega eiginleika sem kennarar búa yfir, heldur spurning um vísindalega þekkingu, m.a. um kynjafræði og aðra jafnréttisþætti, svo og kennslureynslu eða þjálfun (Lahelma, 2011; Ball, 2000, Guðný Gubjörnsdóttir, 2009b og c).

Þessi rannókn sýnir mjög vel að það er ekki nóg að kennarar hafi góðan vilja til að huga að kynjajafnrétti, ef það sem þeir gera styður við hefðbundnar, oft skaðlegar staðalmyndir kynjanna, og eðlishyggjubundna sýn á kynin og kynjakerfið (Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011; Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011; Ahl, 2006). Þótt kennarar tilgreindu dæmi um það hvernig þeir leituðust við að mæta ólíkum þörfum kynjanna í kennslu virtust þau sjaldan til þess fallin að breyta hefðbundnum staðalmyndum. Höfundar sáu fá dæmi þess að margbreytilegar stelpur og strákar fengju aðstoð við mótun eigin kyngervis með hvatningu til að fara út fyrir kynbundna hegðunarramma. Góður vilji kennara, getur viðhaldið hefðbundnum staðalímyndum ef gengið er út frá eðlishyggjuhugmyndum um kynbundna hegðun og þekking á kynjafræðilegum hugtökum er ekki til staðar.

Efling kynjajafnréttis í kennaramenntun

Fram kom ósk frá viðmælendum um skýra stefnu um jafnréttismál og kynjajafnrétti á sviðinu og kynningu á grunnhugtökum sem margir kennarar og nemar þekki ekki nógu vel. Nokkrir viðmælendur töldu mikilvægt að fjalla um kynjun námsgreina og starfa í námi og kennslu á Menntavísindasviði og hvað það þýðir fyrir verðandi kennara, þroskaþjálfu og tólmstundafræðinga. Þetta þurfi helst að koma í grunnám allra og einnig sem sérhæfing fyrir kennaranema í samfélagsgreinum sem kenna eiga um jafnréttismál. Lítið gagn er að valnámskeiðum, þar sem nú er mjög lítið val í kennaranámi.

Sumir kennaranna í rýnihópunum töldu jafnrétti kynjanna lítið vandamál í kennaramenntuninni. Ýmsir viðmælenda höfðu heldur ekki trú á sérstökum námskeiðum um kynjajafnrétti fyrir kennaranema og stjórnandi taldi ekki rými fyrir slíkt námskeið í fimm ára kennaramenntuninni. Rannsóknir benda eigi að síður til þess að einstök námskeið geti haft mikil og góð áhrif á kennaranema (Erden, 2009; Brown, 2011).

Nokkrir viðmælendur litu svo á að taka þyrfti umræðu um kynjajafnrétti mjög rækilega fyrir, bæði vegna þess hve viðfangsefnið er brýnt og vegna nýju ákvæðanna um kynjajafnrétti í grunnskólalögum og aðalnámskrám. Ein tillagan var sú að forseti sviðsins gerði kynjajafnrétti að viðfangsefni eins vinnufundar kennara á sviðinu og stefnan yrði síðan gerð sýnileg á heimasíðu Menntavísindasviðs. Þá komu fram ábendingar um að rannsóknarstofan RannKyn og vefur hennar gæti gegnt stóru hlutverki, t.d. með því að minna fólk á að gera kynjahugtök sýnileg í gögnum skólans og vera upplýsingaveita um kynjajafnrétti.

RannKyn hyggst taka mið af ábendingum viðmælenda, m.a. með því að gera vefsíðu stofunnar gagnlegri með upplýsingum um greinar og umræðu um kynjajafnrétti, en þarf til þess mannafla og fjármuni. Að auki er stefnt að umræðufundum og fyrirlestrum um jafnrétti í skólastarfi í þeirri von að kynjajafnréttismálum verði sinnt í fimm ára kennaramenntuninni á sem fjölbreyttastan hátt.

Starfsmenning á Menntavísindasviði

Freistandi er að túlka þessar fyrstu niðurstöður sem merki um að innan Menntavísindasviðs sé skapandi samvinna á sviði kynjajafnréttis möguleg. Í ljósi reynslunnar af undirbúningi og framkvæmd þessarar rannsóknar og þeirrar fyrri frá árinu 2006 er hins vegar óvarlegt að horfa framhjá fyrirliggjandi andstöðu og/eða áhugaleysi við málefnið kynjajafnrétti. Einnig er vert að benda á að áhersla sviðsins á jafnrétti í víðri merkingu, sem víða er í hávegum höfð (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2012), virðist ekki skila sér í markvissri umræðu um kynjajafnrétti á sviðinu, og ekki taka markvisst á ákvæðum jafnréttislaga (nr. 10/2008, 23. grein), grunnskólalaga (nr. 91/2008, 25. grein) og aðalnámskrár (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b, 2011c) um jafnréttisfræðslu.

Þrátt fyrir einlægan ásetning er því óvíst hversu vel gengur að útfæra þær leiðir til eflingar kynjajafnréttis sem kennarar kalla hér eftir og höfundar taka undir fyrir hönd RannKyn. Að fylgja eftir þeim ásetningi kann að reynast þrautin þyngri þegar horft er til lítillar þátttöku í spurningakönnun, ríkjandi hefða á sviðinu og óskýrrar stefnu. Í máli kennara og stjórnanda var vikið að hefðum sem skapast hefðu á Menntavísindasviði, atriða sem telja má að einkenni þá starfsmenningu sem þar ríkir. Viðmælandi í rýnihópi kvað eitt megin-einkenni á starfsmenningu sviðsins vera hversu lítið væri um þverfaglega umræðu. Þetta taldi hann veikleika og til mikils skaða fyrir sviðið. Í lýsingum stjórnanda á Menntavísindasviði komu einnig fram skýr einkenni þeirrar átakamenningar sem virðist ríkja meðal tiltekinna starfseininga sviðsins. Átökin hverfist fyrst og fremst um togstreitu milli faggreina og kennslufræði, það væri gömul saga og ný að fólk kæmist ekki upp úr þeim hjólförum. Samkvæmt þessu er lítil samræðuhefð á sviðinu og því erfitt um vik að ná saman um stefnu og útfærslu á henni.

Í átökum eins og þessum er hætta á að viðfangsefni og námsþættir, sem ekki hafa fyrr en nýlega verið skilgreind sem námsgreinar, svo sem jafnréttismál, verði utanveltu í kennaramenntuninni. Sú hætta er fyrir hendi að kyn og kyngervi (e. *gender*) sem taldar eru meðal afdrifaríkustu mismunarbreyta og ganga þvert á margar aðrar, svo sem uppruna og stétt, falli milli stafs og hurðar í kennaramenntuninni. Við þessu þarf að bregðast með samstilltu átaki kennara og yfirstjórnar á Menntavísindasviði.

Lokaorð til umhugsunar

Umræða um stefnumörkun í kennaramenntun kom oft upp í vinnslu þessarar greinar. Af orðum viðmælenda má ráða að margir þeirra hafi ekki þekkingu á ákvæðum um jafnréttismál í nýjum lögum og aðalnámskrá. Sama máli gegnir um stöðu jafnréttismála innan Menntavísindasviðs Háskóla Íslands en fæstir viðmælenda virðast upplýstir um hvort þau séu hluti af stefnumörkun eða áhersluatriðum innan sviðsins. Þetta á þó sérstaklega við

um kynjajafnréttið sem flestir viðmælendur segjast ekki sinna sérstaklega í sinni kennslu, kynjajafnrétti, rétt eins og aðrar mismununarbreytur falli undir regnhlífahugtakið jafnrétti. Þessi staða vakti margar áleitnar spurningar með greinarhöfundum.

Hvernig er til að mynda hægt að tryggja að lögbundin stefnumörkun yfirvalda skili sér inn í kennaramenntunina, þegar deildarfundur kennaradeildar ákveður samsetningu námsins, eins og aðrar háskóladeildir gera? Þessi spurning verður enn áleitnari á tímum niðurskurðar þegar kennarar þurfa að berjast fyrir kennslu í sinni grein til þess að geta uppfyllt starfsskyldur sínar. Skýr stefnumörkun er lyklatriði eigi árangur að nást. Ef bæði löggjöfin og stefna skólans og sviðsins eru óskýr er hættu á að vinnan verði ómarkviss (Darling-Hammond, 2006, 2010; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009a; Eygló Árnadóttir, 2009). Það er eindregin afstaða höfunda að stefnumörkun fyrir kennaramenntun þjóðarinnar hljóti annars vegar að taka mið af lögum og hins vegar af faglegum sjónarmiðum kennara og skólafólks. Einkahagsmunir einstaklinga eða hópa eiga ekki að koma þar við sögu.

Loks er ástæða til að velta fyrir sér hvort áherslur nýfrjálshyggjunnar á einstaklingsbundið nám allt frá 1996 hafi afmáð áherslur á jafnréttismál og kynjajafnrétti í skólastarfi og hvað þurfi þá að gerast til að áherslur í núverandi menntastefnu á grunnstoðirnar sex, grunnþætti menntunar, komist á dagskrá í kennaramenntuninni og í skólum landsins. Umfang þessarar greinar leyfir ekki að þessi umræða sé tekin upp hér enda efni í aðrar rannsóknir og aðrar greinar.

Heimildir

Ahl, H. (2006). Why research on women entrepreneurs needs new directions. *Entrepreneurship Theory and Practice*, 30(5), 595–621.

Andersson, K. (2012). “It’s funny that we don’t see the similarities when that’s what we’re aiming for”—Visualizing and challenging teachers’ stereotypes of gender and science. *Research in Science Education*, 42(2), 281–302.

Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar). (2005). *Kynjamyndir í skólastarfi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Arnesen, A. L. (ritstjóri). (1994). *Nord-Lilia Guide. Likestilling í læreruddannelsens indhold og arbejdsmetoder*. Ósló: Bislet högskolesenter.

Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarisdóttir. (2011, 15. september). Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni Mannasiðir Gillz. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>

Ball, D. L. (2000). Bridging practices: Intertwining content and pedagogy in teaching and learning to teach. *Journal of Teacher Education*, 51(3), 241–247.

Beauchamp, C. og Thomas, L. (2009). Understanding teacher identity: An overview of issues in the literature and implications for teacher education. *Cambridge Journal of Education*, 39(2), 175–189.

Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). *Kynungabók: Upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Borgarholtsskóli. (2011, 8. desember). *Kynjafræði vekur athygli*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 15. september 2012 af <http://www.bhs.is/skolinn/frettir/nr/1783>

- Brown, T. J. (2011). A required course in gender studies. *Psychology of Women Quarterly*, 35(1), 162–164.
- Butler, J. (1990). *Gender trouble: Feminism and the subversion of identity*. New York: Routledge.
- Butler, J. (2006). Response. Special issue: Troubling identities: Reflections on Judith Butler's philosophy for the sociology of education. *British Journal of Sociology of Education*, 27(4), 529–534.
- Campbell, P. B. og Sanders, J. (1997). Uninformed but interested: Findings of a national survey on gender equity in pre-service teacher education. *Journal of Teacher Education*, 48(1), 69–75.
- Darling-Hammond, L. (2006). Constructing 21st-Century teacher education. *Journal of Teacher Education*, 57(3), 300–314.
- Darling-Hammond, L. (2010). Teacher education and the American future. *Journal of Teacher Education*, 61(1–2), 35–47.
- Erden, F. T. (2009). A course on gender equity in education: Does it affect gender role attitudes of preservice teachers? *Teaching and Teacher Education*, 25(3), 409–414.
- Eveline, J., Bacchi, C. og Binns, J. (2009). Gender mainstreaming versus diversity mainstreaming: Methodology as emancipatory politics. *Gender, Work and Organization*, 16(2), 198–216.
- Eygló Árnadóttir. (2009). Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum. M.A.-ritgerð í kynjafræði. Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.
- Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011). Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/001.pdf>
- Glasser, H. M. og Smith, J. P. (2008). On the vague meaning of "gender" in education research: The problem, its sources, and recommendations for practice. *Educational Researcher*, 37, 343–350.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). *Menntun, forysta og kynferði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2009a). Lenging kennaramenntunar: Átök og tækifæri. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í Félagsvísindum X. Félags- og mannvísindadeild* (bls. 579–590). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2009b). Minnisblað um jafnréttisfræðslu í skólastarfi til forseta Menntavísindasviðs. Sótt 30. apríl 2010 af <http://vefir.hi.is/kennaramenntun/wp-content/uploads/2010/03/GG-jafnrétti-og-kennarmentun1.pdf>
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2009c). *Jafnrétti: Menntun til jafnréttis kynna og menntun kennara*. Reykjavík: Kennaramenntun í deiglu. Sótt af <https://vefir.hi.is/kennaramenntun/bryn-mal/mikilvagir-malaflokkar/jafnrétti-2/>
- Hedlin, M. og Åberg, M. (2011). *Lärarytildningen, jämställdhet och genus*. Kalmar/Växjö: Linnéuniversitetet.

- Hollingsworth, S. (1995). The 'problem' of gender in teacher education. *Mid-Western Educational Researcher*, 8(2), 3–11.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Lingard, B. og Mills, M. (2009). Possibilities in the boy turn? Comparative lessons from Australia and Iceland. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 53(4), 309–325.
- Katrín Björg Ríkharðsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2012). Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/010.pdf>
- Kaur, B. (2012). Review: Equity and social justice in teaching and teacher education. *Teaching and Teacher Education*, 28, 485–492.
- Kitzinger, J. og Barbour, R. S. (1999). Introduction: The challenge and promise of focus groups. Í R. S. Barbour og J. Kitzinger (ritstjórar), *Developing focus group research. Politics, theory and practice* (bls. 3–20). London: Sage.
- Kristín Elfa Guðnadóttir. (2011, 5. október). Kennarar burðarás menntunar. *Fréttablað Kennarasambands Íslands*, bls. 1.
- Lahelma, E. (2011). Gender awareness in Finnish teacher education: An impossible mission? *Education Inquiry*, 2(2), 263–276.
- Lahelma, E. og Hynninen, P. (2012). Gender equality in Finnish teacher education with reflections on Nordic and European collaboration. Í T. Strand og M. Roos (ritstjórar), *Education for social justice, equity and diversity. A honorary volume for professor Anne-Lise Arnesen. Studies on Education*, 1 (bls. 109–130). Munster: Lit Verlag.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008.
- Lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- Magno, C. og Silova, I. (2007). Teaching in transition: Examining school-based gender inequities in central/southeastern Europe and the former Soviet Union. *International Journal of Educational Development*, 27, 647–660.
- Marshall, C. (2002). Teacher unions and gender equity policy for education. *Educational Policy*, 16, 707–730.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011b). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011c). *Aðalnámskrá leikskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011d, 8. júlí). Svar við fyrirspurn Rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun um túlkun menntamálaráðuneytisins á 25. grein grunnskólalaga 91/2008.

Milner IV, H. R. (2010). What does teacher education have to do with teaching? Implications for diversity studies. *Journal of Teacher Education*, 61(1–2), 118–131.

Ragnar Ólafsson. (2007). *Jafnréttisfræðsla við Kennaraháskóla Íslands. Könnun meðal kennara í maí 2006*. Reykjavík: Jafnréttisnefnd Kennaraháskóla Íslands.

Ragnhildur Bjarnadóttir. (1995). Example of a developmental project in teacher education. Í A.L. Arnesen (ritstjóri). *Gender and equality as quality in school and teacher education: The final report from the 3-year Nordic project on gender and equal opportunities in teacher education* (bls. 76–78). Osló: Oslo College, School of Education.

Skelton, C. (2007). Gender, policy and initial teacher education. *Gender and Education*, 19(6), 677–690.

UNESCO. (2009). *Promoting gender equality in education: Gender in Education Network in Asia-Pacific (GENIA) Toolkit*. Bangkok: UNESCO. Sótt af <http://unesdoc.unesco.org/images/0018/001864/186495E.pdf>

Wadesango, N., Rembe, S. og Chabaya, O. (2011). An assessment of the implementation of gender equity policies in schools in South Africa. *Anthropologist*, 13(4), 249–255.

Weaver-Hightower, M. B. (2003). The "Boy turn" in research on gender and education. *Review of Educational Research*, 73(4), 471–498.

Weiner, G. (2000). A critical review of gender and teacher education in Europe. *Pedagogy, Culture and Society*, 8(2), 233–247.

Youdell, D. (2006). Diversity, inequality and a post-structural politics for education. *Discourse: Studies in the cultural politics of education*, 27(1), 33–42.

Younger, M. (2007). The gender agenda in secondary ITET in England: Forgotten, misconceived or what? *Gender and Education*, 19(3), 387–414.

Younger, M. og Warrington, M. (2008). The gender agenda in primary teacher education in England: Fifteen lost years. *Journal of Education Policy*, 23(4), 429–445.

Zeichner, K. (1999). The new scholarship in teacher education. *Educational Researcher*, 28(9), 4–15.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII*. Félagsvísindadeild (bls. 445–456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjajafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/030.pdf>

Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2012). *From gender only to equality for all: A critical examination of the expansion of equality work in Iceland*. Doktorsritgerð. Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.

Þórdís Þórðardóttir. (2005). Hvers vegna á kynjafræði erindi í kennaramenntun. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar) *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 33–53). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Þórdís Þórðardóttir. (2009). Kynjafræði, kynlegur kvistur í skólastarfi. Erindi flutt á *Norræn ráðstefna um jafnréttisfræðslu í skólum*, Grand Hótel í Reykjavík 21. og 22. september 2009. Sótt 1. september 2012 af <http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10clD=ReadNews&ID=15&CI=0>

Þórdís Þórðardóttir. (2012). *Menningarlæsi. Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum*. Doktorsritgerð. Háskóli Íslands, Uppeldis- og menntunarfræðideild.



Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2012). „Þotulið“ og „setulið“: Kynjafnrétti og kennaramenntun. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/006.pdf>